

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**19. janúar 2021**

**Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um skipulagningu atvinnulóða fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi**

Borgarstjórn samþykkir að fela umhverfis- og skipulagssviði að hefja strax skipulagningu atvinnulóða fyrir stofnanir og fyrirtæki í Keldnalandinu. Fyrstu drög verði kynnt í umhverfis- og skipulagsráði í lok mars 2021.

**Greinargerð:**

Nauðsynlegt er að Reykjavíkurborg, sem er höfuðborg lands og þjóðar, sé í fararbroddi þegar kemur að framboði lóða fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi og stofnanir. Meirihluti borgarstjórnar hefur því miður ekki lagt áherslu á skipulagningu hentugra lóða fyrir atvinnustarfsemi heldur þvert á móti vanrækt þær skyldur sínar. Til marks um það má nefna fjölda fyrirtækja og stofnanna sem flúið hafa höfuðborgina. Þetta eru fyrirtæki og stofnanir á borð við Íslandsbanka, Sýslumanninn á höfuðborgarsvæðinu, Tryggingarstofnun og Icelandair. Þá er Tækniskólinn mögulega á förum og Björgun hvarf og hefur enn ekki fengið úthlutaða lóð svo dæmi séu tekin. Jafnframt vantar lóðir undir þau fyrirtæki sem eru á Ártúnshöfða. Loks er löngu tímabært að hefja staðarval fyrir nýtt sjúkrahús en engin lóð er tiltæk í borgarlandinu sem stendur.

Í drögum að viðauka við aðalskipulag 2040 sem kynnt hafa verið var gert ráð fyrir að íbúðarbyggð vjð reit M22 í Úlfarsárdal. Reitinn átti að nýta undir atvinnusvæði. Þessi hugmynd kom íbúum í Úlfarsárdal óþægilega á óvart enda er gert ráð fyrir íbúðauppbyggingu á þessu svæði. Nú er því slegið á frest en áfram er óvissa um uppbyggingu íbúðahverfisins sem er óásættanlegt gagnvart íbúum hverfisins.

**Viðbótarheimildir upp á 80.000 fermetra**

Nú er lagt upp með viðbótarheimildir upp á 80.000 fermetra vestast í Vesturbænum undir atvinnustarfsemi. Sú staðsetning er þvert á álit skipulagsfræðinga og aðalskipulag Reykjavíkur enda mest umferð til vesturs á morgnana og austurs seinnipart dags sem veldur gríðarlegri umferðarteppu á álagstímum.

Í gildandi aðalskipulagi segir: „Áhersla verði á fjölgun starfa í hverfum, þar sem nú er lítið framboð starfa og áhersla á fjölgun íbúa þar sem mikið framboð er af störfum. Með því verði reynt að stuðla að meira jafnvægi í dreifingu starfa um borgina, draga úr vegalengdum og skapa jafnara umferðarflæði á stofnbrautum.“

Lausnin blasir hins vegar við: Keldur.

Ljóst er að sú afstaða að skipuleggja ekki Keldur nú þegar undir atvinnustarfsemi en heimila í staðinn mikla atvinnulóðauppbyggingu vestast í Vesturbænum gengur þvert gegn gildandi aðalskipulagi, almennri skynsemi og er þar af leiðandi versta lausnin til að mæta þörfum atvinnulífsins.

**Draga úr álagstoppum í umferð á háannatímum**

Með því að skipuleggja stórar atvinnulóðir á Keldum, bæði fyrir stofnanir og fyrirtæki, má draga úr álagstoppum í umferð á háannatímum. Um það eru allir sammála. Sá skortur er tilkomin vegna þess skipulagshalla og umferðarálags sem hér að framan er lýst.

Við leggjum því til að Keldur verði skipulagðar enda er Keldnalandið rúmir 1.5 milljónir fermetra eða 150 hektarar að grunnfleti, sem er á við tuttugu Landspítala, sé miðað við nýtingarhlutfallið 1,0. Hlutverk höfuðborgar er m.a. að skapa fyrirtækjum aðstöðu og laða til sín með því ný fyrirtæki svo atvinnulíf í borginni geti blómstrað. Borgarstjórn felur umhverfis- og skipulagssviði að gera tillögur að breytingum á aðal- og deiliskipulagsáætlunum til samræmis tillögunni. Tilgangurinn er að laga þann skipulagshalla sem blasir við annars vegar og auka tekjustreymi borgarinnar til næstu ára hins vegar.